

Reglur um námsmannaafslátt í leikskóla.

1. gr.

Gildissvið

Námsmenn sem stunda fullt nám á framhalds- eða háskólastigi og eiga börn á leikskólanum Ásgarði í Húnaþingi vestra geta sótt um endurgreiðslu af vistundargjaldi vegna barna sinna.

2. gr.

Fullt nám

Með fullu námi er átt við 75-100% nám á önn á framhalds- eða háskólastigi, skv. skólanámskrá viðkomandi skólastofnunar, og að foreldri hafi staðist kröfur um fullnægjandi námsárangur (75-100% námsárangur).

3. gr.

Endurgreiðsla er háð eftirfarandi skilyrðum

- a. Námsmaður og barn hans eigi lögheimili í Húnaþingi vestra.
- b. Annað eða báðir foreldrar séu í fullu námi á framhalds- eða háskólastigi og staðist hafa kröfur um fullnægjandi námsárangur.

4. gr.

Tilhögun greiðslna

- a. Endurgreiðsla vistunargjalds er afturvirk miðað við námsönn.
- b. Skila skal skriflegri umsókn um endurgreiðslu vistunargjalds ásamt staðfestingu um skólavist frá viðkomandi skólastofnun og staðfestingu á fullu námi og fullnægjandi námsárangri.
- c. Veitt er 20% endurgreiðsla af heildar vistundargjaldi (ekki fæðisgjöldum) vegna viðkomandi námsannar foreldra/foreldris.
- d. Skrifstofustjóri Húnaþings vestra tekur á móti umsóknum og staðfestingu á námsárangri og gefur fyrirsmæli um endurgreiðslu vistunargjalds.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um námsmannaafslátt í leikskóla sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 9. maí 2005.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 14. júní 2012